

**1. SKILGREININGAR OG SAMÞYKKI SKILMÁLA**

- i. Í skilmálum þessum hafa neðangreind orð merkingu sem hér segir:  
**Korthafi** er reikningshafi eða sá sem reikningshafi heimilar að sé með aukakort (sk. aukakorthafi) eða Viðskipta-/Innkaupakort, en einnig sá einstaklingur sem hefur Viðskipta-/Innkaupakort þó hann teljist ekki einnig reikningshafi.  
**Reikningshafi** er sá sem hefur stofnað kortareikning hjá útgefanda og er ábyrgur fyrir úttektum sem færast á reikninginn, nema annað sé tekið fram.  
**Kortareikningur** er sá reikningur sem úttektir á kort færast á og sem korthafi framkvæmir með framvísun korts eða númers þess eða með öðrum þeim hætti sem samrýmist skilmálum þessum.  
**Kort** er útgefið kreditkortanúmer en forsenda útgáfu þess er að reikningshafi hafi stofnað kortareikning hjá útgefanda. Kortið getur verið kortanúmerið sjálft, örgjörvi í plastkortu sem jafnframt er með segulrönd og áþrykktu/prentuðu kortanúmeri eða örgjörvi í símakorti ("SIMkort") farsíma og er einvörðungu tengt við einn kortareikning. Kort geta verið ýmist hefðbundin kreditkort, veltukort eða fyrirframgreidd kort.  
**Útgefandi** korta er Arion banki hf., sem er útgefandi kortsins (hér eftir „bankinn“ eða „útgefandi“), sjá nánar 2. gr. **Greiðslukortafyrirtæki** eru fyrirtæki sem annast kortavinnslu og færslumiðlun fyrir bankann. Greiðslukortafyrirtæki geta verið umboðsaðilar VISA og/eða MasterCard. Færsluhirðir er sá aðili sem tekur við kortafærslum og greiðir þær til þjónustuaðila. **Færsluhirðir** innheimtir síðan kortafærslurnar hjá útgefanda sem innheimtir þær hjá korthafa.
- ii. Með undirritun umsóknar, við móttöku kortsins eða notkun kortsins eftir móttöku, samþykkir umsækjandi að fylgja í hvívetna skilmálum Arion banka. Áður en væntanlegur korthafi samþykkir skilmálana ber honum að kynna sér þá vandlega. Hvenær sem er, meðan á samningssambandi stendur, getur korthafi óskað eftir að fá afhenta kortaskilmála þessa á pappír eða öðrum varanlegum miðli endurgjaldslaust. Við endurnýjun korts, sem og ef korthafi skiptir um kortategund hjá útgefanda, samþykkir korthafi þá skilmála sem eru í gildi á þeim tíma við fyrstu notkun kortanna, auk þess sem korthafi skuldbindur sig til að kynna sér sérákvæði kortaskilmála bankans sem gilda um viðeigandi kortategund hverju sinni.
- iii. Almennir viðskiptaskilmálar Arion banka, verðskrá Arion banka og vaxtatafla sem í gildi eru hverju sinni eru hluti skilmála þessara. Korthafar geta ávallt nálgast kortaskilmála þessa, almenna viðskiptaskilmála bankans, verðskrá bankans og vaxtatöflu á vefsíðu Arion banka, [www.arionbanki.is](http://www.arionbanki.is).
- iv. Kortaskilmálar þessir eru gefnir út á íslensku.

**2. UM ARION BANKA HF.**

- i. Arion banki er alhliða banki sem veitir viðskiptavinum þjónustu á sviði sparnaðar, lánveitinga, eignastýringar, fyrirtækjaráðgjafar og markaðsviðskipta. Arion banki rekur útibú, afgreiðslur og hraðbanka víðsvegar um landið.
- ii. Helstu upplýsingar um Arion banka:

Arion banki hf.  
Borgartúni 19  
105 Reykjavík  
Ísland  
Sími: 444-7000  
Kennitala: 581008-0150  
Netfang: [arionbanki@arionbanki.is](mailto:arionbanki@arionbanki.is)  
Swift: ESJAISRE

- iii. Arion banki hefur starfsleyfi sem viðskiptabanki samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 og sætir eftirliti Fjármálaeftirlitsins, Katrínartúni 2, 105 Reykjavík, í samræmi við lög um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi nr. 87/1998. Frekari upplýsingar um starfsemi Arion banka má finna á vefsíðu bankans: [www.arionbanki.is](http://www.arionbanki.is).

**3. UMSÓKN OG ÚTGÁFA KORTS**

- i. Umsókn um kort skal beint til Arion banka sem er útgefandi kortsins.
- ii. Útgefandi áskilur sér rétt til að leita allra upplýsinga, sem nauðsynlegar eru að hans mati til að afgreiða umsókn og er heimilt að hafna umsókn án þess að tilgreina ástæðu.
- iii. Áður en kort er gefið út, fari útgefandi fram á það, eða hvenær sem útgefandi fer fram á slíkt, skal umsækjandi leggja fram fullnægjandi tryggingu, að mati útgefanda, fyrir skilvísunum greiðslum úttekta með korti.
- iv. Kort gilda til ákveðins tíma í senn og eru til notkunar innanlands og utan samkvæmt ákvæðum skilmála þessara.

- v. Útgefanda er valkvætt hvort myndir af korthöfum eru á kortum. Ef útgefandi óskar þarf korthafi að leggja fram mynd sem notuð verður á kortið og samþykkir hann jafnframt að eintak af myndinni verði varðveitt í gagnagrunni Reiknistofu bankanna (RB), sé mynd ekki til þar fyrir. Sé mynd til staðar í gagnagrunni RB, veitir umsækjandi útgefanda heimild til að fá eintak af mynd til notkunar á kort.
- vi. Hægt er að sækja um að tengjast korti maka eða forráðamanns, sem er korthafi hjá Arion banka, með útgáfu aukakorts. Aðalkort og aukakort þurfa að vera þjónustuð af sama greiðslukortafyrirtækinu. Aukakort skal vera af sömu kortategund og aðalkort eða ódýrari tegund. Árgjald aukakorts fer samkvæmt verðskrá bankans hverju sinni. Skilmálar þessir gilda um aukakorthafa líkt og um aðalkorthafa væri að ræða.

#### 4. VARÐVEISLA OG NOTKUN KORTS

- i. Korthafa ber að rita nafn sitt aftan á kortið við móttöku þess og hefur hann einn heimild til að nota það.
- ii. Kortið veitir rétt til úttektar á vöru og þjónustu hjá þeim sölu- og þjónustuaðilum sem taka við kreditkortum. Við úttekt á vöru og þjónustu skal korthafi skrá sjálfur sérstakt leynilegt og persónulegt PIN-númer til staðfestingar á viðskiptunum sé þess óskað af hálfu söluaðila. Í þeim tilvikum sem innsláttur PIN-númers er ekki mögulegur, svo sem af tæknilegum ástæðum, skal áritun korthafa með eigin hendi á sölunótu teljast fullgild sem samþykki hans fyrir viðskiptum. Í netviðskiptum og við símgreiðslu skal korthafi gefa upp nafn, kortanúmer, gildistíma og öryggisnúmer sé þess óskað af söluaðila og jafngildir slík upplýsingagjöf samþykki korthafa fyrir viðskiptunum. Söluaðili getur farið fram á að kort korthafa sé vottað af Verified By Visa, MasterCard Secure Code eða samskonar aðila. Korthafi getur tekið út reiðufé með kortinu í þeim bönkum, sparisjóðum og hraðbönkum sem bjóða korthöfum kreditkorta slíka þjónustu.
- iii. Sé kortið notað í hraðbönkum eða öðrum sjálfsafgreiðslutækjum skal notast við PIN-númer kortsins.
- iv. Hægt er að tengja kortið við rafrænt veski (e. Wallet) til þess að virkja snertilausar greiðslur með farsíma eða öðru snjalltæki.
- v. Korthafi er ábyrgur fyrir öllum úttektum sem staðfestar eru með undirritun korthafa eða PIN-númeri, nema þegar úttekt hefur verið skráð en korthafi sannar að vara/þjónusta hafi ekki verið afhent.
- vi. Korthafi er ábyrgur fyrir varðveislu kortsins þannig að óviðkomandi aðili geti ekki komist yfir það, enda ber honum að gæta þess á sama örugga hátt og peninga, tékka og annarra verðmæta.
- vii. Korthafa er hvorki heimilt að láta PIN-númer sitt öðrum í té né geyma það með kortinu. Korthafi skal ekki geyma PIN-númer í veski sínu eða farsíma eða öðrum rafrænum búnaði eða hverjum öðrum þeim hætti sem er aðgengilegt öðrum. Varðveiti korthafi PIN-númer ekki í samræmi við þennan máta telst það stórfellt gáleysi. Korthafa ber ávallt að gæta að enginn sjái þegar hann slær inn PIN-númer sitt.
- viii. Korthafi getur stofnað til greiðsluþjónustusamninga með korti sínu um sjálfvirkar greiðslur, s.s. boð-, rað-, léttgreiðslur og afborgunarlán hjá söluaðilum sem það bjóða en um þá gilda sér skilmálar, sem ganga framur þessum skilmálum. Bankanum eða greiðslukortafyrirtækjunum er heimilt að synja korthöfum um sjálfvirkar greiðslur, s.s. boð-, rað-, léttgreiðslur og afborgunarlán.
- ix. Úttektir korthafa í erlendri mynt eru umreiknaðar í íslenskar krónur á sérstöku gengi (sölugengi) gjaldmiðla sem gildir í greiðslukortaviðskiptum milli landa þegar úttektarfærsla berst útgefanda. Gengi gjaldmiðla í greiðslukortaviðskiptum með kort eru birt á heimasíðu Arion banka, [www.arionbanki.is](http://www.arionbanki.is).
- x. Korthafi getur framkvæmt snertilausar greiðslur með þar til gerðum örgjörva eða sýndarnúmeri („token“) bjóði söluaðili upp á móttöku slíkra færslna. Slíkar greiðslur kunna að vera háðar fjölda- og/eða fjárhæðartakmörkunum hverju sinni.
- xi. Sé um erlendar greiðslur inn á kortareikning sem ekki eru eiginlegar endurgreiðslur eða leiðréttingar hefur bankinn heimild til þess að umreikna færslurnar á kaupgengi korta sem er í gildi í greiðsluviðskiptum milli landa þegar færsla berst útgefanda.
- xii. Notkun korts í gjaldeyrisviðskiptum fellur undir upplýsingaskyldu samkvæmt lögum nr. 87/1992 um gjaldeyrisráðgjafi og reglugerð eða reglum sem settar eru samkvæmt þeim.

#### 5. HÁMARKSÚTTEKT OG KORTATÍMABIL

- i. Viðskipti með korti eru bundin við ákveðnar hámarksfjárhæðir mismunandi eftir sölu- og þjónustuaðilum. Arion banki ákveður einhliða úttektarheimildir fyrir hvert kort.
- ii. Hvert kort hefur úttektarheimild óháða úttektartímabili. Heimildin er ákveðin af útgefanda og korthafi skuldbindur sig til að nota kortið ekki umfram tilgreinda úttektarheimild. Hvert kort hefur einnig hámarksúttektarheimild sem getur verið önnur en úttektarheimild kortsins. Hámarksúttektarheimild er óháð kortatímabili. Ef korthafi er handhafi fleiri en eins kreditkorts þá ákveður útgefandi samanlagða heildarúttektarheimild óháð úttektartímabilum. Hámarksfjárhæð heimilaðrar peningaúttektar kemur fram á heimasíðu útgefanda og ákvarðast m.a. af tegund korts og úttektarheimild korthafa. Inneign á fyrirframgreiddum korti jafngildir úttektarheimild þess á hverjum tíma.

- iii. Útgefanda er heimilt að synja um heimild fyrir úttekt á korti. Algengustu ástæður þess að útgefandi synjar úttektarbeiðni eru eftirfarandi: Kort hefur verið tilkynnt glatað eða stolið, korthafi fer yfir úttektarheimild kortsins og/eða heildarúttektarheimild korthafa, skuld korthafa við útgefanda er gjaldfallin, rangt PIN-númer hefur verið slegið inn eða gildistími kortsins er útrunninn.
- iv. Sé fyrir hendi rökstuddur grunur um óheimila eða sviksamlega notkun kortsins er heimilt að synja um úttektarheimild. Í því tilviki er korthafa gert viðvart án tafar. Reynist sá grunur ekki á rökum reistur er opnað fyrir heimildagjöf þegar í stað.
- v. Kortatímabil, sem reikningsyfirlit korthafa miðast almennt við, er mánuður og er byrjun og lok þess auglýst á vefsíðu útgefanda, [www.arionbanki.is](http://www.arionbanki.is). Innlendir söluaðilar geta gert samning við færsluhirða um „breytilegt úttektartímabil“ og eru þau auglýst sérstaklega af söluaðilum án tilkynninga til korthafa.
- vi. Færsludagur ákvarðar í flestum tilfellum á hvaða kortatímabil úttekt færirst. Þó getur skiladagur færslu til útgefanda orðið til þess að færsla færirst á næsta tímabil.

## 6. HLUNNINDI OG ÞJÓNUSTA

- i. Korti geta fylgt ýmis hlunnindi og þjónusta, svo sem fríðindi, tryggingar og neyðarþjónusta samkvæmt nánari upplýsingum á heimasíðu bankans, [www.arionbanki.is](http://www.arionbanki.is), hverju sinni. Korthafi getur óskað eftir neyðarkorti og neyðarfé og skal hafa samband við þjónustuver þess greiðslukortafyrirtækis sem getið er um á bakhlið kortsins. Þjónustuver þeirra eru opin allan sólarhringinn og er neyðarkort og neyðarfé veitt samkvæmt verðskrá Arion banka eins og hún er hverju sinni.
- ii. Útgefandi hefur heimild til að breyta, auka eða fella niður hlunnindi og/eða fríðindi sem ekki eru tilgreind sérstaklega í skilmálum án sérstakra tilkynninga.

## 7. GREIÐSLUSKIL

- i. Útgefandi hefur heimild til að færa á reikningsyfirlit korthafa allar úttektir sem berast á kortareikning hans. Korthafi er ábyrgur fyrir greiðslu á þeim úttektum sem berast á kort hans. Aukakorthafi ber ábyrgð á greiðslu úttekta sem gerðar eru með korti hans. Verði um vanskil að ræða hjá korthafa áskilur útgefandi sér fullan rétt til að loka kortinu og setja skuldina í lögfræðilega innheimtu, allt á kostnað korthafa. Úttektir korthafa eru almennt vaxtalausar fram að gjalddaga, en greiði korthafa ekki úttektir tímabilsins á eindaga ber skuldin dráttarvexti, sbr. iii. lið 7. gr.
- ii. Hafi korthafi veitt útgefanda heimild til skuldfærslu úttektar á tilteknum viðskiptareikningi, ábyrgist korthafi að næg innistæða verði á þeim viðskiptareikningi á gjalddaga skuldarinnar. Skuldfærslan verður gerð á gjalddaga. Sé eigandi viðskiptareikningsins annar en korthafi þarf skriflegt samþykki reikningseiganda að liggja fyrir.
- iii. Útgefandi sendir reikningshafa mánaðarlega eða birtir rafrænt í netbanka viðskiptavinar reikningsyfirlit yfir úttektir tímabilsins sem gjaldfalla á næsta gjalddaga, auk upplýsinga um stöðu reikningsins við lok úttektartímabilsins og áfallinn kostnað og vexti á eindaga, auk greiðslutilmæla með greiðsluseðli eða rafrænum hætti. Hafi greiðsla ekki borist innan þess tíma skulu greiðast dráttarvextir í samræmi við ákvörðun Seðlabanka Íslands um grunn dráttarvaxta og vanefndaálags, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu af gjaldfallinni eða gjaldfelldri fjárhæð frá og með eindaga til greiðsludags, eins og þeir eru auglýstir af Seðlabanka Íslands á hverjum tíma, auk kostnaðar vegna innheimtu í samræmi við verðskrá bankans. Eindagi skuldarinnar og gjalddagi er sami dagur.
- iv. Útgefanda skal vera heimilt að tilkynna vanskil til Creditinfo Lánstrausts hf., eða annars/annarra sambærilegra aðila, til skráningar á skrá yfir vanskil.
- v. Plús kort eru fyrirframgreidd kort og eru því frábrugðin öðrum kreditkortum að því leyti, að notuð er fyrirframgreiðsla til að standa straum af úttektum korthafa/handhafa. Ekki er heimilt, eða að jafnaði unnt, að stofna til skuldar með notkun Plús korts, en slíkt getur þó gerst ef bilun verður í afgreiðslutækjum, símalinum, tölvum eða samskiptabúnaði, innanlands sem erlendis. Slíkar skuldbindingar gjaldfalla eftir að úttektartímabili lýkur í samræmi við iii-lið 7. gr. Korthafi/handhafi Plús korts getur hvenær sem er krafist innlausnar þeirrar inneignar sem á kortinu er. Korthafi/handhafi getur krafist innlausnar hvort sem er í heild eða að hluta. Innlausn í reiðufé getur einungis farið fram hjá gjaldkera. Þóknun fyrir innlausn hjá gjaldkera fer eftir verðskrá hverju sinni. Þegar Plús korti er lokað fær korthafi/handhafi ónýtta inneign greidda næsta virka dag eftir að kort hefur verið afhent útgefanda. Í þeim tilvikum sem korthafi/handhafi hefur gert úttektarfærslur erlendis á undangengnu 30 daga tímabili, eða reynt úttektir umfram innborganir sínar, áskilur útgefandi sér rétt til að halda inneign sem tryggingu í 60 daga fyrir greiðslu færslna sem mögulega hafa verið gerðar með kortinu, en seljendur hafa ekki enn sent inn úr afgreiðslutækjum sínum. Plús kort er óheimilt að nota fyrir sjálfvirkar greiðslur. Forráðamaður ólögráða einstaklings getur óskað eftir að fá útgefið Plús kort fyrir hönd þess ólögráða sem hann fer með forræði yfir. Kort verður þó aldrei gefið út til einstaklinga yngri en 13 ára. Forráðamaður ber ábyrgð á úttektum sem stofnað er til á meðan korthafi/handhafi er ólögráða. Eftir þann tíma ber

korthafi/handhafi fulla ábyrgð á úttektum. Ef korthafi/handhafi Plús korts er í vanskilum við útgefanda vegna úttekta með öðru korti útgefna af útgefanda áskilur útgefandi sér rétt til að ráðstafa innstæðu korthafans/handhafans á reikningi Plús kortsins til greiðslu á skuldinni þegar 3 dagar eru liðnir frá eindaga.

- vi. Sé um veltukort að ræða er korthafa í sjálfsvald sett að borga inn á skuldina á eindaga eftir því sem honum hentar, að lágmarki 5% auk áfallinna vaxta og kostnaðar af útistandandi skuld, nú að lágmarki 5.000 kr., þó að því tilskildu að staða kortareiknings sé undir úttektarheimild eftir greiðslu á eindaga. Skuldavextir eru breytilegir og háðir ákvörðun útgefanda á hverjum tíma. Breytingar á skuldavöxtum má sjá í vaxtatöflu Arion banka. Með greiðslu lágmarksfjárhæðar á veltukorti færast gjalddagi ógreiddra eftirstöðva til gjalddaga næsta mánaðar eftir lok yfirstandandi úttektartímabils. Vextir greiðast ekki af úttektum sem greiddar eru að fullu á næsta gjalddaga eftir lok úttektartímabilsins. Í þeim tilvikum þar sem korthafi nýtir þá heimild sína til að greiða aðeins hluta útistandandi skuldar, eða lágmarksfjárhæðina, reiknast vextir á ógreiddar eftirstöðvar frá gjalddaga og koma til greiðslu á næsta gjalddaga og reiknast síðan áfram milli næstu gjalddaga eða svo lengi sem korthafi nýtir sér heimild sína til að greiða aðeins hluta skuldarinnar. Sé lágmarksgreiðsla ekki greidd á gjalddaga telst öll skuldin vera í vanskilum og fallin á gjalddaga og ber dráttarvexti frá þeim degi skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu til greiðsludags. Heimild korthafa til að greiða aðeins lágmarksfjárhæðina, sbr. framangreint, er háð því að skuldin sé innan marka úttektarheimildar sbr. 5. gr. Sé skuldin umfram úttektarheimild kortsins er korthafa skylt að greiða þá fjárhæð sem er umfram úttektarheimildina til viðbótar við lágmarksgreiðslu og vöxtum. Að öðrum kosti telst skuldin öll vera í vanskilum og ber dráttarvexti skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Þegar korthafi er neytandi fellur veltukort undir lög um neytendalán nr. 33/2013 með síðari breytingum og telst til opins lánsamnings í skilningi laganna. Ákvæði lánsamninga sem gerðir eru um veltukort ganga framur skilmálum þessum, svo sem varðandi greiðsluskil og vaxtabreytingar.

## 8. VILLUR OG ÁBYRGÐ

- i. Í öllum tilvikum þegar grunur um sviksamlega kortanotkun er fyrir hendi ber útgefanda eða greiðslukortafyrirtækjunum að loka korti og korthafa að afhenda kortið til útgefanda eða greiðslukortafyrirtækjanna. Korthafi ber ekki tjón vegna úttekta sem hann á sannarlega ekki aðild að. Telji korthafi að kort hans hafi verið notað með sviksamlegum hætti ber honum að tilkynna það án tafar til útgefanda eða greiðslukortafyrirtækjanna. Korthafa ber skylda til að aðstoða greiðslukortafyrirtækin og útgefanda við vinnslu málsins og að lágmarka tjónið eins og kostur er.
- ii. Hafi korthafi athugasemdir við reikningsyfirlit sitt ber honum að tilkynna útgefanda það tafarlaust, í síðasta lagi innan 10 daga frá eindaga greiðslu. Eftir 30 daga frá eindaga greiðslu er útgefandi ekki lengur ábyrgur fyrir leiðréttingu á færslu.
- iii. Þrátt fyrir i. og ii. liði 8. gr. hefur korthafi að hámarki 13 mánuði til að gera athugasemdir við reikningsyfirlit. Hinn lengdi tímafrestur gildir þó aðeins ef korthafi getur sannað að útgefandi eða greiðslukortafyrirtækin hafi ekki uppfyllt skilyrði iii. liðar 7. gr. um aðgengi korthafa að reikningsyfirliti. Þetta á þó ekki við þegar korthafi er lögaðili. Gildir þá ákvæði ii-liðar 8. gr.
- iv. Ef söluaðili er ófús eða ófær um að inna af hendi vöru eða þjónustu sem korthafi hefur greitt fyrir, atburði aflýst eða söluaðili hættur rekstri, getur korthafi sent skriflega kvörtun til útgefanda. Korthafi getur sent skriflega athugasemdir til útgefanda allt að 90 dögum eftir að afhending vöru eða þjónustu átti að eiga sér stað. Kvörtuninni skulu fylgja fullnægjandi gögn til staðfestingar kaupum á þjónustunni. Telji viðkomandi greiðslukortafyrirtæki að þjónustan hafi sannanlega ekki verið innt af hendi vegna ofangreindra ástæðna, endurgreiðir greiðslukortafyrirtækið sem svarar vanefndunum. Komi óviðráðanlegar ytri aðstæður upp (force majeure), sem varða ekki viðkomandi söluaðila eingöngu, svo sem náttúruhamfarir, sprengjuárás/sprengjuhótun, stríð, verkföll, faraldur, viðskiptabann, sjótjón og óeirðir, í veg fyrir að söluaðili geti uppfyllt skyldur sínar gagnvart korthafa, veitir slíkur ómöguleiki korthafa ekki rétt til endurgreiðslu samkvæmt ofangreindu.
- v. Sérhver ágreiningur út af gæðum vöru eða þjónustu skal leystur beint á milli korthafa og seljanda og ber útgefandi enga ábyrgð á gæðum keyptrar vöru eða þjónustu.
- vi. Útgefandi ber ekki ábyrgð á tjóni korthafa geti hann ekki notað kort vegna galla í kortinu, þ.m.t. í örgjörva kortsins. Telji korthafi kort gallað skal hann skila kortinu til útgefanda. Reynist kortið gallað á korthafi rétt á nýju korti honum að kostnaðarlausu.
- vii. Útgefandi ber ekki ábyrgð á tjóni korthafa vegna tæknilegrar bilunar í hraðbanka eða öðrum sjálfsafgreiðslutækjum, né heldur á tjóni korthafa sem hlýst af því að sjálfsafgreiðslutæki hefur ekki samband við heimildarkerfi útgefanda. Telji korthafi að hann hafi orðið fyrir slíku tjóni skal hann senda útgefanda eða greiðslukortafyrirtækjunum skriflega kvörtun. Útgefandi framsendir kvörtun korthafa til þess færsluhirðis sem ber, fyrir hönd viðkomandi sölu- eða þjónustuaðila, að færa fram fullgild rök fyrir því að búnaðurinn hafi starfað rétt þá er umrædd viðskipti fóru fram, en er ella ábyrgt fyrir tjóninu. Ábyrgð færsluhirðis takmarkast við beint fjárhagslegt tjón korthafa. Færsluhirðir ábyrgist ekki tjón þegar tæknibilun á að vera korthafa ljós, svo sem þegar skilaboð þess efnis koma fram á tölvuskjá.

- viii. Hvorki útgefandi né greiðslukortafyrirtækin bera ábyrgð á því ef móttöku korts er hafnað sem greiðslu hjá söluaðila eða í sjálfsafgreiðslutæki, né því tjóni sem leitt getur þar af.
- ix. Endurgreiðsla til korthafa skal greidd inn á það kort sem viðkomandi úttekt var færð á.
- x. Í þeim tilvikum að fyrir hendi er greiðsluþjónustusamningur milli korthafa og söluaðila um sjálfvirkar greiðslur, eða úttekt hefur verið gerð á kort korthafa eftir að þjónusta var afhent í tilviki bílaleiga, hótela og skemmtiferðaskipa, hefur korthafi 8 vikur frá færsludegi til að gera skriflega og undirritaða athugasemd með ósk um endurgreiðslu. Hafi korthafi lagt fram athugasemd innan tímafrests og framvísað viðeigandi gögnum máli sínu til stuðnings, fær hann innan 10 daga rökstudda synjun eða endurgreiðslu og þá með fyrirvara um að alþjóðlegar reglur greiðslukortafyrirtækjanna leiði til þess að hann eigi réttmætt tilkall til endurgreiðslu. Leiði alþjóðlegar reglur greiðslukortafyrirtækjanna til þess að korthafi eigi ekki réttmætt tilkall til endurgreiðslu verður hún innheimt af kortareikningi korthafa. Vilji korthafi ekki una niðurstöðunni getur hann kært hana til úrskurðanefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

## 9. VANEFNDIR, LOKUN KORTA OG UPPSÖGN

- i. Kort er eign útgefanda og er honum heimilt að afturkalla fyrirvaralaust öll kort korthafa, og aukakort hans, í eftirfarandi tilvikum:
  - a. Ef korthafi vanefnir skyldur sínar samkvæmt skilmálum þessum.
  - b. Ef fjárnám verður gert hjá korthafa eða ábyrgðarmanni, komi fram ósk um skipti á búi þeirra, leiti þeir nauðasamninga eða öðrum kortum þeirra hjá útgefanda er lokað.
  - c. Ef útgefandi þarf að afskrifa ógreiddar kröfur á korthafa eða vanskil verða af hans hálfu hvað varðar greiðslur á gjaldföllum kröfum.
- ii. Sé korti lokað er kortnúmer skráð í lokanaskrá útgefanda eða greiðslukortafyrirtækjanna. Vegna áhættustýringar í kortaviðskiptum er heimilt að dreifa skrá um afturkölluð kortanúmer til sölu- og þjónustuaðila.
- iii. Ef útgefandi fer fram á að korthafi skili korti sem hefur verið lokað ber honum að gera það. Afhendi korthafi ekki innkallað kort getur útgefandi leitað annarra leiða til að fá kortið afhent, meðal annars með atbeina yfirvalda á kostnað korthafa.
- iv. Ef sölu- eða þjónustuaðili fer fram á að korthafi skili korti sem hefur verið lokað ber honum að gera það.
- v. Korthafa er óheimilt að nota kortið eftir að gildistími þess rennur út eða því hefur verið lokað. Misnotkun kortsins varðar við lög, sbr. m.a. 249. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.
- vi. Vanefnd korthafa á skyldum sínum samkvæmt skilmálum þessum, þ.m.t. á greiðslu gjaldfallinna krafna vegna notkunar korts, geta leitt til þess að korthafi fái ekki nýtt kort útgefið síðar.
- vii. Vilji korthafi loka korti með uppsögn á samningi sínum við útgefanda skal hann tilkynna útgefanda það skriflega með 30 daga fyrirvara og skila kortinu sundurklipptu ásamt fylgikortum. Afborganir af greiðsluþjónustusamningum verða áfram skuldfærðar á kortareikning korthafa fram að næstu endurnýjun. Eftir þann tíma mun innheimta kröfunnar verða með öðrum hætti, s.s. með greiðsluseðli. Útgefandi endurgreiðir árgjald hlutfallslega við lokun kortsins.
- viii. Fái korthafi nýtt kort í stað korts sem hefur glatast, verið sagt upp eða lokað, er heimilt að færa á hið nýja kort, eða annað kort í eigu korthafa, það sem eftir stendur af sjálfvirkum greiðslum, s.s. boð-, rað- og léttgreiðslum, Alefli eða Framlagi, sem korthafi hefur samþykkt að færa megí á kort sitt. Á sama hátt gildir skuldfærslureikningur og trygging sú sem sett var til tryggingar skilvísium og skaðlausum greiðslum hins gamla korts fyrir hið nýja kort.

## 10. GLÖTUÐ KORT

- i. Glatist kort eða korthafi verður var við óheimilaðar úttektir ber korthafa að tilkynna það tafarlaust til útgefanda eða viðkomandi greiðslukortafyrirtækis er getið er um á bakhlið korts. Strax eftir að tilkynning hefur verið móttækin ber þeim sem móttók tilkynninguna að loka kortinu og koma í veg fyrir frekari notkun þess eða misnotkun. Sá sem móttækur tilkynningu korthafa, hvort heldur er útgefandi eða greiðslukortafyrirtæki, ber að geyma upplýsingar um slíka tilkynningu í 18 mánuði.
- ii. Hafi glatað kort verið notað af óviðkomandi aðila áður en hvarf þess er tilkynnt ber korthafi sjálfsábyrgð. Fjárhæð sjálfsábyrgðar korthafa er að jafnvirði 150 Evra í íslenskum krónum miðað við kortagengi Arion banka eins og það er skráð hverju sinni. Við ákvörðun fjárhæðar sjálfsábyrgðar er horft til þess hvernig korthafi varðveitti kortið og PIN-númer og málsatvik þegar kortið týndist, glataðist eða var nýtt með óréttmætum hætti. Korthafi er ábyrgur fyrir öllum úttektum sem staðfestar eru með PIN-númeri, hafi hann ekki varðveitt PIN-númer í samræmi við v. og vi. lið 4. gr. enda telst varðveisla með öðrum hætti stórfellt gáleysi. Korthafi er ábyrgur fyrir allri notkun korts og greiðslu úttekta sé um að ræða stórfellt gáleysi eða svik af hans hálfu í sambandi við kort sem tilkynnt eru glötuð.

- iii. Korthafi ber ekki ábyrgð á notkun korts eftir að hann hefur tilkynnt það glatað, nema hann hafi sýnt af sér sviksamlega háttsemi. Auk þess ber korthafi ekki ábyrgð á notkun korts eftir að hann hefur sannanlega tilkynnt það glatað ef móttakandi tilkynningar hefur ekki lokað kortinu strax í kjölfar tilkynningar, sbr. i.-lið 10. gr., nema korthafi hafi sýnt af sér sviksamlega háttsemi.
- iv. Finni korthafi kort sem tilkynnt hefur verið glatað er honum óheimilt að nota það. Tilkynna ber útgefanda fund kortsins og skal skila því til hans.
- v. Óski korthafi eftir endurofnun korts sem tilkynnt hefur verið glatað en korthafi hefur fundið aftur ber hann ábyrgð á allri notkun kortsins meðan það var glatað. Beiðni um endurofnun korts skal berast útgefanda skriflega eða með öryggiskóða, þar sem það á við.

#### 11. GJALDTAKA

- i. Við útgáfu korts greiðir korthafi árgjald skv. verðskrá bankans eins og hún er á hverjum tíma.
- ii. Fyrir útgáfu nýs korts í stað glataðs greiðist endurútgáfugjald skv. verðskrá bankans eins og hún er hverju sinni.
- iii. Fyrir afgreiðslu neyðarfjár eða útvegum neyðarkorts greiðist afgreiðslugjald skv. verðskrá bankans.
- iv. Útgefanda er heimilt að færa korthafa til gjalda á kortareikning hans gjöld sem falla til í tengslum við útgáfu og notkun korts, svo sem árgjald, útskriftargjald vegna útgáfu reiknings, þjónustugjöld, notkunargjöld, framleiðslugjöld og færslugjöld skv. verðskrá eins og hún er hverju sinni.
- v. Sérstakt gjald er tekið af kortareikningi við millifærslu inneignar skv. verðskrá bankans eins og hún er hverju sinni.
- vi. Af peningaúttekt hjá gjaldkera og í hraðbönkum reiknast úttektargjald og þóknun skv. verðskrá bankans eins og hún er hverju sinni.
- vii. Komi til vanskila skv. skilmálum þessum eða vegna eftirstöðva raðgreiðslna sem útgefandi innheimtir, reiknast korthafa til gjalda innheimtukostnaður skv. verðskrá bankans eins og hún er hverju sinni.
- viii. Korthafi heimilar útgefanda að endurnýja kortið 10 vikum áður en gildistími þess rennur út og halda áfram að endurnýja kortið á þann hátt þangað til fyrirmæli berast um annað frá korthafa. Útgefanda er heimilt að færa korthafa til gjalda á kortareikning hans árgjald korts á gjalddögum gjaldsins.
- ix. Öll gjöld reiknast samkvæmt auglýstri verðskrá útgefanda á hverjum tíma og eru þau skuldfærð af kortareikningi korthafa. Verðskrá er birt á heimasíðu Arion banka, [www.arionbanki.is](http://www.arionbanki.is).
- x. Korthafi samþykkir að honum verði tilkynnt um breytingar á verðskrá á heimasíðu bankans, [www.arionbanki.is](http://www.arionbanki.is).

#### 12. SAMÞYKKI FYRIR VINNSLU UPPLÝSINGA OG PERSÓNUVERND

- i. Við notkun kortsins verða til persónuupplýsingar í greiðslumiðlunarkerfum greiðslukortafyrirtækja. Með samþykki þessara skilmála veitir korthafi Arion banka heimild til að vinna þessar persónuupplýsingar. Bankanum er nauðsynlegt og ber lagaskylda til að vinna þessar upplýsingar til að gegna hlutverki sínu sem fjármálafyrirtæki og til að tryggja öryggi í greiðslu- og fjármálaþjónustu. Persónuupplýsingar eru notaðar við mat á umsóknum, útgáfu reikninga og við aðra eðlilega starfsemi útgefanda. Útgefandi vinnur upplýsingar um korthafa, aukakorthafa og ábyrgðarmenn.
- ii. Umsækjandi og korthafi heimila Arion banka að vinna persónuupplýsingar sem veittar eru við umsókn til að greina og meta lánshæfi, skilvísni og greiðslugetu. Heimildin til að vinna með persónuupplýsingarnar gildir á meðan lögmætir hagsmunir eru fyrir vinnslunni.
- iii. Bankinn ber almennt ábyrgð á vinnslu og meðferð persónuupplýsinga. Vinnsluaðili er skv. lögum nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga sá sem vinnur persónuupplýsingar á vegum ábyrgðaraðila. Við vinnslu þeirra er aðgangur takmarkaður við þá starfsmenn útgefanda og vinnsluaðila sem hann þarf starfs síns vegna. Auk þess er bankanum og vinnsluaðila heimilt að miðla persónuupplýsingum um skuld korthafa sín á milli og til aðila sem gert hafa þjónustusamninga við útgefanda eða vinnsluaðila, ábyrgðaraðila eða aðra aðila sem korthafi heimilar. Bankinn og vinnsluaðilar leitast við að uppfylla á hverjum tíma kröfur laga og reglna sem lúta að persónuvernd, m.a. með mótun öryggisstefnu og setningu þeirra öryggis- og verklagsreglna sem krafist er. Persónuupplýsingar korthafa eru varðveittar á meðan kort korthafa er í gildi, eins lengi og lög mæla fyrir um eða viðskiptahagsmunir bankans eða vinnsluaðila krefjast þess og málefnaleg ástæða þykir til.
- iv. Öll vinnsla persónuupplýsinga fer fram í samræmi við ákvæði laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

#### 13. BREYTING Á SKILMÁLUM

- i. Bankinn hefur heimild til að breyta ákvæðum skilmála þessara einhliða. Ef breytingar eru ekki til hagsbóta fyrir korthafa skal honum tilkynnt um þær á tryggan hátt, s.s. með skilaboðum í netbanka eða póstsendingu á tilkynnt aðsetur eða lögheimili

korthafa hafi hann ekki aðgengi að netbanka, eigi síðar en tveimur mánuðum fyrir gildistöku þeirra. Breytingar sem útgefandi metur korthafa í hag verða birtar með tilkynningu á heimasíðu bankans, [www.arionbanki.is](http://www.arionbanki.is). Litið er svo á að korthafi hafi samþykkt breytinguna tilkynni hann ekki um annað fyrir fyrirhugaðan gildistökudag breytinganna, sem og ef hann notar kortið eftir að nýir skilmálar hafa tekið gildi.

- ii. Ef korthafi sættir sig ekki við fyrirhugaðar breytingar á skilmálum þessum getur hann sagt upp samningi sínum við útgefanda fyrirvaralaust og án kostnaðar áður en breyttir skilmálar taka gildi. Ákvæði 9. gr. skilmála þessara gilda um uppsögnina að öðru leyti.

#### 14. ÝMIS ÁKVÆÐI

- i. Korthafa er skylt að tilkynna aðsetursskipti til útgefanda til að tryggja að reikningsyfirlit og aðrar upplýsingar geti borist honum með eðlilegum hætti.
- ii. Til að gera notkun korts erlendis mögulega má greiðslukortafyrirtæki staðfesta upplýsingar um kort til viðskiptaaðila þess erlendis.

#### 15. LÖG OG VARNARÞING

- i. Samningur korthafa og útgefanda og skilmálar þessir fara eftir íslenskum lögum, svo og öll mál sem rísa kunna af notkun kortsins, nema um annað sé sérstaklega samið.
- ii. Korthafi getur skotið ágreiningi er varðar fjárhagslegar kröfur og einkaréttarlega hagsmuni til úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki, sbr. 19. gr. a. í lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki. Upplýsingar um úrskurðanefndina er að finna á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins, [www.fme.is](http://www.fme.is).
- iii. Rísi mál vegna brota á skilmálum þessum má reka það fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Korthafi samþykkir auk þess að útgefandi megi, kjósi hann slíkt, reka innheimtumál í því landi, sem korthafi hefur búsetu hverju sinni.

#### 16. GILDISTÍMI

- i. Skilmálar þessir gilda frá 7. maí 2019.

#### SÉRÁKVÆÐI

Um neðangreind kort gilda eftirfarandi sérákvæði auk ofangreindra kortaskilmála. Sé misræmi milli sérákvæðanna og almennu kortaskilmálanna ganga sérákvæði þessi framár:

##### A. E-kort og vildarkerfi þeirra

- i. Með notkun e-korts og e-Vildarkorts eignast korthafi inneign í formi peninga sem er endurgreidd korthöfum árlega skv. nánari ákvörðun bankans.
- ii. Greiði korthafi fyrir viðskipti með e-korti leggur Arion banki til upphæð sem er hlutfall af fjárhæð vegna allrar innlendrar notkunar nema af peningaúttektum, árgjaldagreiðslum eða öðrum þjónustugjöldum skv. nánari ákvörðun bankans.
- iii. Verði vanskil á kortinu er Arion banka hvenær sem er heimilt að ráðstafa endurgreiðslufjárhæð, sem safnast hefur upp hjá korthafa til að greiða vanskil og allan áfallinn kostnað vegna vanskila og innheimtu skuldarinnar.
- iv. Upplýsingar um samstarfsfyrirtæki og endurgreiðsluprósentu sem samstarfsfyrirtæki bjóða korthöfum er að finna á heimasíðu bankans, [www.arionbanki.is/ekort](http://www.arionbanki.is/ekort). Nýir samstarfsaðilar, breytt endurgreiðsluprósentu eða lok samstarfs verður ekki tilkynnt sérstaklega nema á framangreindri heimasíðu.
- v. Í þeim tilvikum þegar söluaðili sem er samstarfsfyrirtæki e-kortanna skiptir um færsluhirði getur verið að ekki reiknist endurgreiðsla frá söluaðila á færslu korthafa á stuttu tímabili eftir að samningur við nýjan færsluhirði kemst á. Í slíkum tilvikum fær korthafi aðeins þann hluta endurgreiðslu sem bankinn leggur til en getur ekki gert kröfu á söluaðila um endurgreiðslu.
- vi. Endurgreiðslur fyrnast á 4 árum frá þeim degi er endurgreiðslan var korthafa frjálst til ráðstöfunar.
- vii. Korthafi e-korts veitir Arion banka heimild til að vinna persónuupplýsingarnar til þess að búa til persónusnið. Persónusnið verður til þegar persónuupplýsingum er steypt saman til að finna hóp fólks sem fellur inn í sameiginlegt mynstur að því er varðar hátterni og þarfir. Persónusnið eru ópersónugreinanleg. Með orðinu „ópersónugreinanleg“ er átt við að ekki er hægt að rekja markaðsupplýsingarnar til tiltekins korthafa. Korthafi veitir Arion banka heimild til að vinna persónuupplýsingar í persónusnið í þeim tilgangi að geta haft samband við og boðið korthafa vörur og þjónustu með samstarfsaðilum sem tekur mið af framangreindri vinnslu persónuupplýsinga.

- viii. Korthafi veitir Arion banka heimild til þess að senda SMS, MMS, tölvupóst eða önnur rafræn skilaboð 3-5 sinnum í mánuði um tilboð, afslátt eða sérkjör frá samstarfsfyrirtækjum. Korthafi veitir Arion banka heimild til að senda korthafa skilaboð er varða notkun kortsins eða tilkynningar um breytingar á hlunnindum/fríðindum kortsins. Rafrænu skilaboðin og innihald þeirra byggja á vinnslu persónuupplýsinga um korthafa sem fram fer á grundvelli samþykkis í skilmálum þessum.
- ix. Korthafi samþykkir að vinnsluaðila útgefanda, sbr. iii-lið 12. gr., sé heimilt að miðla upplýsingum til annars aðila, sem er vinnsluaðili endurgreiðslu af e-kortum útgefanda, um notkun e-korts hjá þeim aðilum þar sem viðskiptin veita korthafa rétt til endurgreiðslu, þannig að unnt sé að uppfæra skrár þar um.

**B. Vildarkort Icelandair**

- i. Korthafi getur áunnið sér Vildarpunkta Icelandair vegna allrar innlendirar notkunar, hafi kort hans tengingu við Vildarklúbb Icelandair.
- ii. Korthafi ávinnur sér ekki Vildarpunkta af peningaúttektum, árgjaldagreiðslum eða öðrum þjónustugjöldum.
- iii. Vildarklúbburinn heldur skrá um áunna punkta og veitir Vildarkorthöfum rétt til að nýta punktana sem greiðslumiðil við kaup á flugfarseðlum og annarri þjónustu, sem Icelandair býður þeim með sérstöku viðskiptakerfi sem hægt er að kynna sér á heimasíðu Icelandair. Arion banki eða vinnsluaðilar bera enga ábyrgð á því gagnvart korthafa að halda

skrá um áunna punkta eða að staða þeirra í Vildarkerfinu sé rétt. Vegna aðildar að Vildarkerfi Icelandair greiða handhafar Vildarkorta árlega sérstakt tengigjald til Vildarklúbbsins samkvæmt verðskrá Arion banka eða Icelandair, sem fært er á kortareikning korthafa á 12 mánaða fresti.

- iv. Vildarklúbburinn veitir Vildarkorthafa sérstök ferðatengd fríðindi samkvæmt ákvörðun Vildarklúbbsins hverju sinni, sem hann getur nýtt sér með ráðstöfun ferðapunkta. Vildarklúbburinn gefur út nánari reglur þar um og veitir Vildarkorthafa aðgang að upplýsingum um punktastöðu sína. Verði breytingar á þessum reglum upplýsir Vildarklúbburinn Vildarkorthafa um þær samkvæmt skilmálum Vildarklúbbs Icelandair.
- v. Í því skyni að Vildarklúbburinn geti sent Vildarkorthafa tilboð heimilar Vildarkorthafi Arion banka að upplýsa Vildarklúbbinn um tölvupóstfang Vildarkorthafa og símanúmer.
- vi. Korthafi samþykkir að vinnsluaðila útgefanda, sbr. iii-lið 12. gr., sé heimilt að miðla upplýsingum til annars aðila, sem er vinnsluaðili Vildarpunkta útgefanda, um notkun Vildarkorts hjá þeim aðilum þar sem viðskiptin veita korthafa ferðapunkta, þannig að unnt sé að uppfæra skrár þar um og áframsenda til Vildarklúbbs Icelandair.

**C. Viðskiptakort / Innkaupakort**

- i. Viðskiptakort eru gefin út í nafni ákveðins aðila, sem telst reikningshafi, og veitir það tilteknum korthafa heimild til kortanotkunar fyrir sinn reikning.
- ii. Reikningshafi er ábyrgur fyrir greiðslu á þeim úttektum sem berast á viðskiptakort nema ef sannast að um sviksamlegt athæfi hafi verið að ræða. Korthafi viðskiptakorts ber persónulega ábyrgð á öllum úttektum á kort sem gefið er út á hans nafn, óskipt með reikningshafa í eftirfarandi tilvikum:
  - a. Geti útgefandi sannað að korthafi hafi á þeim tíma er úttektin var gerð, vitað eða mátt vita að reikningshafi gæti ekki staðið við fjárskuldbindingar sem fólust í úttekt.
  - b. Þegar korthafi er eigandi, forsvarsmáður eða stjórnarmaður reikningshafa.
  - c. Þegar kort er notað til úttekta á reiðufé eða kaupa á ferðatékkum.
  - d. Þegar kort er notað í persónulega þágu korthafa, þ.e.a.s. þegar vara eða þjónusta sem greitt er fyrir með kortinu er ekki í þágu hagsmuna reikningshafa.
- iii. Gilda skilmálar þessir jafnt fyrir þann aðila sem kortið er gefið út fyrir sem og korthafa þess. Reikningsyfirlit viðskiptakorts/innkaupakorts eru send korthafa eða reikningshafa eftir því sem við á.
- iv. Viðskiptakort geta haft kortatímabil og þ.m.t. eindaga sem er frábrugðið almennu kortatímabili.
- v. Verði viðskiptakorti lokað, brotið gegn skilmálum útgefanda, fjárnám gert hjáreikningshafa eða korthafa eða ábyrgðarmanni, komi fram ósk um gjaldþrotaskipti á búi þeirra eða leiti þeir nauðasamninga, er útgefanda heimilt að afturkalla og loka öllum kortum sem reikningshafi hefur fengið. Verði korti lokað er öll kortanotkun frá þeim tíma á ábyrgð korthafa.
- vi. Segi aðili, sem veitt hefur tilteknum korthafa heimild til kortanotkunar fyrir sinn reikning, upp samningnum við útgefanda skal afhenda kortið/in ásamt fylgikorti/um til útgefanda. Á meðan fyrrnefndum kortum hefur ekki verið skilað er öll kortanotkun frá uppsagnardegi á ábyrgð reikningshafa.



**D. Bláa kortið**

- i. Korthafi Bláa kortsins veitir Arion banka heimild til að vinna persónuupplýsingarnar til þess að búa til persónusnið. Persónusnið verður til þegar persónuupplýsingum er steypt saman til að finna hóp fólks sem fellur inn í sameiginlegt mynstur að því er varðar háttarni og þarfir. Persónusnið eru ópersónugreinanleg. Með orðinu „ópersónugreinanleg“ er átt við að ekki er hægt að rekja markaðsupplýsingarnar til tiltekins korthafa. Korthafi veitir Arion banka heimild til að miðla persónusniðum til Hringtorgs hf. í þeim tilgangi að geta haft samband við og boðið korthafa vörur og þjónustu með samstarfsaðilum sem tekur mið af framangreindri vinnslu persónuupplýsinga.
- ii. Korthafi veitir bankanum og Hringtorgi hf. heimild til þess að senda SMS, MMS, tölvupóst eða önnur rafræn skilaboð 3-5 sinnum í mánuði um tilboð, afslætti eða sérkjör frá samstarfsfyrirtækjum Hringtorgs eða bankans. Korthafi veitir bankanum heimild til að tilkynna Hringtorgi hf. ef korthafi hefur ekki greitt árgjald Bláa kortsins. Korthafi veitir Hringtorgi hf. eða Arion banka heimild til að senda korthafa skilaboð er varðar notkun kortsins eða tilkynningar um breytingar á skilmálum kortsins. Rafrænu skilaboðin og innihald þeirra byggja á vinnslu persónuupplýsinga um korthafa sem fram fer á grundvelli samþykkis í skilmálum þessum.
- iii. Upplýsingar um samstarfsfyrirtæki Bláa kortsins og tilboð sem bjóðast handhöfum Bláa kortsins eru á [www.hringtorg.is](http://www.hringtorg.is) og/eða á heimasíðu Arion banka, [www.arionbanki.is](http://www.arionbanki.is).

**E. World Elite**

- i. World Elite er alþjóðlegt vörumerki frá MasterCard. World Elite er sérnsiðið að veltumiklum einstaklingum og njóta korthafar margvíslegra fríðinda.
- ii. MasterCard World Elite kortið er þjónustað af VALITOR.
- iii. Korthafar World Elite ávinna sér Vildarpunkta af allri innlendri og erlendri notkun, samkvæmt ákvörðun bankans hverju sinni.
- iv. World Elite korthafar eiga kost á að nýta sér MasterCard Concierge þjónustu. Símtöl við Concierge þjónustuna eru hljóðrituð og eru upptökurnar geymdar í sex mánuði. Í fyrsta samtali korthafa við þjónustuna þarf viðkomandi að veita ákveðnar grunnupplýsingar vegna skráningar, sem og kortanúmer sé beiðni korthafa þess eðlis.
- v. Þjónusta Concierge þjónustuveitanda er korthöfum að kostnaðarlausu.
- vi. Allar pantanir sem Concierge þjónustuveitandi gerir fyrir hönd korthafa eru skráðar í nafni korthafa. Korthafi er ábyrgur gagnvart seljanda á greiðslu fyrir vörur og/eða þjónustu sem korthafi óskar eftir að Concierge þjónustuveitandi verði milligönguaðili um, auk mögulegs viðbótarkostnaðar t.d. bókunargjalda. Korthafi gerir upp kostnað beint við seljanda vöru og/eða þjónustu, í þeim tilvikum þar sem ekki hefur verið greitt fyrirfram. Greiða þarf fyrir vörur og/eða þjónustu með MasterCard World Elite korti.
- vii. Skilmálar og reglur viðkomandi fyrirtækja og þjónustuaðila gilda um viðskiptin, svo sem varðandi staðfestingargjöld og bakfærslur hverju sinni.
- viii. Korthafi er í beinu samningssambandi við seljanda vöru og/eða þjónustu. MasterCard Concierge og þjónustuveitandi hans firra sig allri ábyrgð á athöfn og athafnaleysi seljanda, sem og á öllu tjóni sem korthafi verður fyrir vegna athafna eða athafnaleysis seljanda eða vegna notkunar vöru eða þjónustu sem seljandi afhendir, hvort sem varan eða þjónustan var útveguð með milligöngu MasterCard Concierge þjónustuveitanda eða ekki. MasterCard Concierge þjónustuveitandi getur neitað að veita umbeðna þjónustu ef hún er að hans mati andstæð lögum eða reglum eða ef slík þjónusta er ósiðleg eða fer gegn almannahag.
- ix. MasterCard Concierge ber ekki ábyrgð gagnvart korthafa komi til þess að vara og/eða þjónusta er ekki aðgengileg korthafa vegna atvika sem varða seljanda vörunnar/þjónustunnar. Greiðsla fyrir kaup á miðum á viðburði er óafturkræf og afboðanir verða ekki gerðar eftir að miðarnir hafa verið keyptir. Í þeim tilvikum sem skipuleggjandi viðburðar aflýsir er endurgreiðsla alfarið háð afstöðu viðkomandi skipuleggjanda og ber MasterCard Concierge ekki ábyrgð gagnvart korthafa á endurgreiðslu eða á öðru tjóni sem rekja má til aflýsingarinnar.
- x. MasterCard Concierge þjónustuveitandi miðlar viðeigandi upplýsingum um korthafa eins og við á hverju sinni í því skyni að geta veitt umbeðna þjónustu. MasterCard Concierge þjónustuveitandi fylgir reglum um persónuvernd og vörslu gagna. Nánari upplýsingar og reglur um MasterCard má finna á: [www.mastercard.com/privacy](http://www.mastercard.com/privacy)
- xi. Í einhverjum tilvikum gætu seljendur vöru og/eða þjónustu áskilið sér rétt til að krefjast þóknunar vegna afþöntunar korthafa eða annars sambærilegs.
- xii. MasterCard ber ekki ábyrgð á réttmæti upplýsinga sem fengnar eru frá utanaðkomandi aðilum.
- xiii. MasterCard Concierge þjónustuveitandi hefur samband við korthafa í gegnum þær samskiptaleiðir sem korthafi hefur gefið þjónustunni upp.
- xiv. Korthafa er ljóst að þjónusta er mögulega ekki tiltæk í öllum löndum, svo sem vegna laga og reglna í viðkomandi landi sem gera MasterCard Concierge ómögulegt að veita umbeðna þjónustu.